

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014, frístundabyggð í landi Ásgarðs.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. júní 2004 staðfest breytingu á aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps 2002-2014 frá 28. apríl 2003.

Breytingin felst í því að landnotkun á 28,6 ha svæði í landi Ásgarðs, frá Fljótsbakka að sunnanverðu sem liggur á milli Sogsins og Þingvallavegar, breytist úr íbúðarsvæði í svæði fyrir frístundabyggð. Svæðið er auk þess stækkað til suðurs þar sem landbúnaðarsvæði er tekið undir frístundabyggð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafningshrepps. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

*Umhverfisstofnun, 24. júní 2004.*

**Siv Friðleifsdóttir.**

---

*Ingibjörg Halldórsdóttir.*